


Leiðbeiningar vegna samráðsdags


Hæfnikort nemenda

Skráið ykkur inn á Mentor, þeir sem ekki hafa virkt lykilorð inn í Mentor geta sótt um það hjá Mentor.is. Þegar þið komið inn í Mentor þá á að velja grúa flís sem heitir Námsmat og er neðst í horninu vinstra megin.




Þegar námsmatsflísin er valin opnast gluggi með yfirliti yfir hæfnikort nemandans. Þar má sjá hvað hæfni er búið að meta í hverri námsgrein. Það er mjög mismunandi eftir námshópum og námsgreinum hvað er búið að meta mörg verkefni, það fer m.a. eftir stöðu í einstökum greinum og aldurstigi nemenda en það eru talsvert fleiri námsgreinar á efri stigum. Athugið að námsmat frá fyrra ári er sýnilegt þar sem það á við.

Þið veljið þá **námsgrein** sem þið viljið skoða og þá opnast **hæfnikort** nemandans og þar má sjá yfirlit yfir metin **hæfniviðmið** í þeirri grein.



Verkefni

Við hvetjum ykkur til að fara hér inn til að skoða verkefni sem metin eru. **Blá flís sem heitir Verkefni**



Þegar flísin **Verkefni** er valin birtist eftirfarandi síða. Vinstra megin á skjánum er yfirlit yfir öll **verkefni** sem búið er að setja á viðkomandi nemendahóp. Þar stendur efst ólokið, í vinnslu, og lokið og segir til um stöðu verkefna. Þegar verkefnið þar undir eru valin opnast **verkefnið** og þar er m.a. hægt að sjá stutta lýsingu á verkefninu, námsmarkmið, hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla, viðmið um árangur og hvernig verkefnið er metið. Auk þess er í sumum tilfellum krækja á verkefnið sjálft, ýmis fylgiskjöl, ítarefni og námsbækur eða greinar allt eftir því sem við á hverju sinni. Við viljum vekja athygli ykkar sérstaklega á viðmiðum um árangur en þau standa fyrir þætti sem verða metnir þegar verkefni er lokið. Eins og fram er komið erum við að þróa þessi vinnubrögð og ekki er víst að öll verkefni séu eins uppsett og má reikna með að eldri verkefni séu ekki eins ítarleg og nýrri verkefni.

